

- 141 b. árlegar skýrslur frá refaskyttum um í hvaða gren refir hafi lagt, hve mörg
8. júlí dýr hafi unnizt á hverju greni og tölu yrðlinga, sem ætlaðir eru til uppeldis;
c. hverjir unnið hafi hlaupadýr og hve mörg. Skýrslurnar séu gefnar undir drengskaparorði.

15. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, er næst liggja afréttar- og fjallalöndum, skulu hafa á hendi alla framkvæmd við refavinnslu á þeim.

16. gr.

Kostnað við grenjaleitir í heimalöndum þeirra jarða, sem ábúð fylgir, beri umráðamenn heimalandananna. En annar refaveiðakostnaður greiðist úr sveitarsjóði. Þó endurgreiðir sýslusjóður helming kostnaðar, samkv. 10. gr. og helming andvirðis eiturs og agnis samkv. 12. gr.

Séu fleiri hreppar í sama upprekstrarfélagi eða noti afréttarlönd saman, skiptist kostnaðurinn á sveitarsjóði hreppanna í réttu hlutfalli við fjárfjölda. Þó skal refaeyðingarkostnaður í löndum Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar allur greiðast úr Afréttarsjóði Eyvindarstaðaheiðar.

17. gr.

Brot mót reglugerð þessari varða 20 til 500 króna sektum, er renna í sýslusjóð.

18. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 65 15. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

142
9. júní

SKRÁ

yfir þær vörur, sem eru undanþegnar farmgjaldahækkun þeirri, sem var heimiluð fyrir vörur frá Ameríku, sem komu hingað eftir 8. maí 1943.

	Tollskrá	
	Kafli	Nr.
Baunir	7	11
Kaffi, óbrennt	9	1
— brennt eða brennt og malað	—	2
Hveiti	10	1
Rúgur	—	2
Rís með hýði eða án ytra hýðis	—	3
Bygg	—	4

	Kafli	Nr. 142
Hafrar	—	5 9. júní
Máis	—	6
Annað ómalað korn	—	7
Mjöl úr hveiti	11	1
— úr rúgi	—	2
— — rís	—	3
— — byggi	—	4
— — höfrum	—	5
— — mais	—	6
— annað, ót. a.	—	7
Grjón úr hveiti	—	8
— úr byggi	—	9
— — höfrum	—	10
— — rís	—	11
— önnur, ót. a.	—	12
Mjöl úr haunum og ertum	—	13
— úr öðrum belgávöxtum	—	14
Kartöflumjöl	—	15
Sagógrjón	—	20
Sagómjöl	—	21
Klíð	—	22
Glútín	—	23
Nautatólg	15	2
Oleo-olía (oleomargarine)	—	3
Hvalfeiti, hert	—	4
Kókosfeiti	—	10
Pálmakjarnaolía	—	12
Jarðhnetuolía	—	15
Soyuolía	—	17
Babasso-olía	—	19
Strásykur	17	1
Molasykur	—	2
Flórsykur	—	3
Púðursykur	—	4
Kandís	—	5
Toppasykur	—	6
Siróp, ót. a.	—	7
Glykose	—	8
Melasse	—	9
Vænilyksykur	—	10
Fóðurkex	19	11
Fóðurmjöl úr kjöti, einnig þótt í því séu jurtaefni	23	1
— úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni	—	2
Ólíukökur og mjöl úr þeim:		
— úr hörfræi	—	3
— — baðmullarfræi	—	4
— — jarðhnetum	—	5
— — kokoshnetum	—	6
— — pálmakjörnum	—	7
— — rapsfræjum	—	8

	Kafli	Nr.
142		
9. júní — — soyabaunum	—	9
— annað	—	10
Melassefóður	—	11
Blöndur úr korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður	—	12
Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu sem skepnufóður, ót. a.	—	13
Chilesaltpétur	35	1
Kalksaltpétur	—	2
Kalkammonsaltpétur	—	3
Kaliáburður	—	4
Superfosfat	—	5
Nitrófoska	—	6
Fröllumjöl	—	7
Thomasfosfat	—	8
Áburður, sem vegur minna en 5 kg, með söluumbúðum	—	9
Annar áburður, ót. a.	—	10

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

143

10. júní

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 80 17. des. 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað:

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið mega börn yngri en 14 ára ekki vera á almanna-færi seinna en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu 1. sept. til 15. maí og ekki seinna en kl. 10 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 10. júní 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.